

Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2001010054
3709; 3710; 9310

Reykjavík, 27. apríl 2001
/--

Efni: Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð, Eyrarsveit og Helgafellssveit. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 19. mars 2001 tillaga að matsáætlun:

Vegagerðin. Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit, Berserkseyri-Vindás. Tillaga að matsáætlun. Mars 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Eyrarsveit, Helgafellssveit, Breiðafjarðarnefnd, Hafrannsóknarstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Eyrarsveit með bréfi dags. 9. apríl 2001, Helgafellssveit með bréfi dags. 3. apríl 2001, Breiðafjarðarnefnd með bréfi dags. 4. apríl 2001, Hafrannsóknarstofnun með bréfi dags. 17. apríl 2001, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 3. apríl 2001, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 11. apríl 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 9. apríl 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 23. mars 2001, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 6. apríl 2001, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands með bréfi

dags. 4. apríl 2001, Gunnari Njálssyni með bréfi dags. 20. mars 2001. Skipulagsstofnun bárust einnig svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum með bréfi dags. 20. apríl 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

Gróður. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 4.2.5, er fjallað um gróður.

Í umsögnum koma fram athugasemdir við framsetningu gróðurfarsrannsókna og nákvæmni gróðurkorta og bent er á að til sé nákvæmari kortlagning en fram kemur á útgefnu 1:25.000 gróðurkortum sem framkvæmdaraðili hyggst nota. Skipulagsstofnun telur þá framsetningu gróðurfarsrannsókna sem lýst er í tillögu að matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum uppfylla þau skilyrði sem raunhæft er að leggja á herðar framkvæmdaraðila miðað við þær grunnrannsóknir sem gerðar hafa verið á svæðinu. Notað verði gróðurkort RALA í kvarðanum 1:25.000 og önnur nákvæmari kort RALA sem til staðar eru af svæðinu ásamt loftmyndum í kvarðanum 1:10.000 af þeim gróðurfélögum sem valkostirnir liggja um.

Dýralíf. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 4.2.6, er fjallað um dýralíf.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að könnuð verði áhrif þverunar fjarðarins á lífríkið. Skipulagsstofnun telur að það eigi ekki einungis við um lífríki fjöru og sjávarbotns Kolgrafafjarðar heldur einnig lífríki fiska.

Rannsóknarsvæði. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, köflum 3.3 og 4.2, er fjallað um rannsóknarsvæði vegna mats á umhverfisáhrifum og yfirstandandi og áætlaðar rannsóknir.

Fram kemur að rannsóknarsvæði afmarkist af þeim valkostum og efnistökuáhrifum sem skoðaðir hafa verið. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, köflum 4.2.5 og 4.2.6 um gróðurfars- og dýralífsrannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, kemur ekki fram að áhrif af efnistöku á gróður og dýralíf hafi verið eða verði metin. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka vegna framkvæmdanna háð mati á

umhverfisáhrifum ein og sér, a.m.k. efnistökusvæði í Oddabörðum í landi Hjarðarbóls og hugsanlega á öðrum svæðum. Þá er Mjósundsnáma á svæði sem er á Náttúruminjaskrá. Við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda við Kolgrafafjörð þarf að meta áhrif efnistöku á gróður og dýralíf.

Menningarminjar. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 4.2.4 er fjallað um menningarminjar.

Breiðafjarðarnefnd telur vera þörf á frekari fornleifaathugunum á svæðinu á milli Hjarðarbólsodda og Kolgrafaodda og í Hópinu ef leið 1 verður valin þar sem mikilveggar minjar gætu farið undir vega- og brúarstæði.

Hafa skal samráð við Þjóðminjasafn Íslands við mat á því hvort þörf er á frekari fornleifaathugunum á svæðinu á milli Hjarðarbólsodda og Kolgrafaodda og í Hópinu.

Jarðrask. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að leiða verði leitað til að hlífa leirum í Hópi milli Berserkseyrarodda og Kolgrafaodda þar sem leirur eigi undir högg að sækja, ekki síst vegna vegagerðar. Skipulagsstofnun telur að kanna þurfi vel möguleika þess að skerða leirur sem minnst. Í matskýrslu verði bornir saman valkostir á þeim svæðum þar sem vegstæði fer yfir leirur. Skipulagsstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði að bera saman meginvalkosti með tilliti til jarðrasks, þar með talið rasks á leirum og í því sambandi tekið mið af lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Annað. Þar sem fyrirhuguð vegagerð ásamt efnistöku er í tveimur sveitarfélögum, Eyrarsveit og Helgafellssveit, leggur Skipulagsstofnun til að heiti framkvæmdar verði: Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit. Berserkseyri-Vindás.

Bent er á að ljósmyndir verði notaðar til skýringar á breytingum á umhverfisþáttum á landi og í sjó vegna vegagerðar, brúargerðar og efnistöku.

Stefán Thors

Óli Halldórsson

Afrit :

Eyrarsveit, Helgafellssveit, Breiðafjarðarnefnd, Hafrannsóknarstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri,

Þjóðminjasafn Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Gunnar Njálsson.